Ed. **458. Breytingartillögur**

við frv. til laga um forðagæslu. (þskj. 369).

Frá nefndinni.

1. við 2. gr., 2. málsgr.:

Orðin: »en jafnan skulu . . . til enda málsgreinarinnar, falli burtu.

2. við 3. gr., 1. málsgr.

Fyrir: »sem honum er falið til umsjónar«.
komi: sem hreppurinn hefur falið honum til umsjónar.

3. við 6. gr., 2. málsgr.

Fyrir: »fyrir fardaga«.
komi: upp úr fardögum.

4. við 9. gr.

a) Fyrir: »til fóðurkaupa, ef unt er, ella ráða honum, hverju hann skuli lóga«.
komi: til þess að afla sjer fóðurs, ef unt er, eða ráða honum hverju hann skuli farga.

b) Orðin: »og er búanda skylt að hlíta þeim ráðum« falli burtu.

5. við 10. gr.

a) Fyrir: »kaupa fóður nje lóga« (í 1. málsgr.).
komi: afla sjer fóðurs nje farga.

b) Síðari málsgreinin falli burtu, en í hennar stað bætist aftan við 1. málsgr.: en kjósi búandinn heldur að farga svo miklu af búpeningi sínum, að því sje borgið, sem eftir lifir, að dómi forðagæslumanns, þá er honum ekki skylt að afla sjer fóðurs.